

114. stjórnarfundur Markaðsstofu Kópavogs

Dagsetning: 16.11.23

Tímasetning: 12:30

Staðsetning: Hlíðasmári 10, 201 Kópavogi

Mættir eru: Kristín Amy Dyer, Ólafs Björnsson, Sveinn Gíslason, Ásgeir Haukur Guðmundsson ásamt Kristjáni Inga Gunnarssyni sem fulltrúi frá SKÓP.

Fundinn ritar: Kristján Ingi Gunnarsson

Fundaskrá

1. **Fundarstjóri kosinn:** Kristín Amy Dyer var kosinn fundarstjóri.
2. **Ný áætlun lögð fram:** Formaður og Kristján Ingi voru búin að taka saman uppfærða áætlun á tekjum og skuldum sem lögð var fram. Farið yfir eldri rekstraráætlun og uppfærða stöðu á skuldum, eignum og óinnheimtum kröfum hjá SKÓP.

Formaður og Kristján fóru yfir uppsagnir á samningum við ýmsa aðila sem lækka rekstrarkostnað enn frekar við SKÓP. Meðal annars bókhaldskerfi, kaffipjónustu, internetþjónusta skilgreind betur og samningur endurskoðaður með lækkun ásamt því að verið að fá tilboð frá nýjum endurskoðendum.

3. **Aðgangur að markadsstofa@kopavogur.is** : Kosið var um og stjórn samþykkti einróma að veita formanni aðgang að e-mailinu markadsstofa@kopavogur.is til að sækja gögn og reikninga sem þörf er á að fá til að geta fengið betri yfirsýn yfir reksturinn og uppfæra áætlanir, sækja lykilorð og aðgang að ýmsum kerfum. Kópavogsbær veitir formanni þennan aðgang og svo verður þessu e-maili lokað af Kópavogsbæ.

4. **Önnur mál:**

Stjórn lagði til að tekið yrði saman minnisblað sem yrði lagt fyrir Bæjarráð þar sem búið er að greina stöðuna og bent á þær leiðir sem hægt er að fara til að halda áfram rekstri SKÓP. Leitað verði til Kópavogsbæjar og þess aðila sem undirritaði ársreikning 2022 við að útbúa milli uppgjör og uppfærðan rekstrarreikning sem lagður verður fyrir Bæjarráð til að meta stöðuna fyrir árið 2024. Einnig að tilgreina hverjar afleiddar tekjur eru fyrir Kópavogsbæ í formi útsvars og annara tekna frá þeim fyrirtækjum sem eru inni í SKÓP og hafa verið stofnuð þar inni.

Farið var yfir styrki til SKÓP og hvaða leiðir eru í boði þar, samtal er í gangi við nokkur fyrirtæki um mögulegan styrk til SKÓP.

Stjórn lagði til að sendir yrðu út árlegir reikningar/styrktarkröfur á fyrirtæki sem voru inni í Markaðsstofu Kópavogs og um leið bent á samstarfsleiðir fyrir þessi fyrirtæki við SKÓP

eins og að nýta sér aðstöðuna fyrir sitt starfsfólk, viðburði á vegum SKÓP sem þessum fyrirtækjum er boðið á osfrv.

Kristján Ingi uppfærði stjórn með þá vinnu sem hefur verið í gangi inni í SKÓP. Svörun við auglýsingum sem voru settar af stað hafa verið góðar og hafa nýir aðilar komið inn í verkefnið og eru þó nokkrir áhugasamir um að koma inn í verkefnið. Verið er að skipuleggja viðburði innanhúss með þeim aðilum sem eru inni í verkefninu og kynna þá aðila á síðum SKÓP.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 13:42